

Jón Engilberts: Blik af lífi frá 1947.

Búnaðarbankinn 60 ára – afmælissýning á Kjarvalsstöðum
Sigurður Örlygsson á Kjarvalsstöðum
Kjartan Ólafsson í Gallerí Nýborg

Myndlistarsyrpa

Listamarkaður Búnaðarbankans

Það liggur furðuleg þversögn í þessari afmælissýningu Búnaðarbankans að Kjarvalsstöðum: hún sýnir okkur að bankinn hefur á 60 ára ferli sínum safnað drjúgum sjóði af íslenskri myndlist, og þó mun aðeins hluti af öllu safninu vera á sýningu þessari. Hins vegar ber öll sýningin þess vott, að aðstandendur hennar virðast lítið skynbragð bera á í hverju gildi þessa listasjóðs er fólgið, hvað hafi hugsanlega varanlegt menningarsögulegt gildi og hvernig því verði komið til skila. Sýningin er eins og flóamarkaður þar sem öllu ægir saman án þess að gerð sé veruleg tilraun til þess að greina á milli hismis og kjarna eða gera hlutina aðgengilega og skiljanlega fyrir það sem þeir eru.

Að setja saman og koma upp sýningu á myndlist er í sjálfu sér bæði miðlun og tjáning sem skiptir ekki minna máli en t.d. framsetning efnis í dagblaði eða á bók. Hér hafa hins vegar allar reglur slíkrar framsetningar verið brotnar, svo að til vanvirðu er fyrir listina og Búnaðarbankann í senn.

Það ber ekki að vanmeta þegar fyrirtæki sýna skilning á því að efnahagsleg starfsemi fær ekki þrifist og blómgast í menningarsnauðu umhverfi. Framtak eins og þessi sýning væri líka lofsvert ef að því væri staðið með þeim hætti sem vert væri. Vissulega er það upplifun að sjá ýmsar perlur íslenskrar myndlistar, sem Búnaðarbankinn hefur borið gæfu til að eignast í gegnum árin, en sú upplifun verður blandin þegar þessum perlum er komið fyrir með þeim hætti, að ekki er gerður greinarmunur á þeim og hreinum hégóma, eins og portrettmyndunum, sem bankastjórarnir hafa látið mála af sjálfum sér til þess að svala hégómagirnd sinni eða valdagleði.

Í stuttu máli eru allt of margar myndir á þessari sýningu og gæðamunur verkanna of mikill. Með helmingi færri myndum hefði sýningin strax orðið betri. Þá er öllu blandað saman með þeim hætti að hvorki er farið eftir tímaröð, aldri eða stíl og verkum einstakra listamanna jafnvel dreift vítt og breitt um sýninguna. Engin skrá er yfir sýndar myndir, og hvergi er getið um ártal myndanna eða hvenær þær voru keyptar í safn bankans. Allt er þetta til vitnis um lítinn faglegan metnað gagnvart þeim ríkulega efnivið sem listasafn bankans hefur upp á að bjóða. Það má að vísu til sanns vegar færa, að húsakynni Kjarvalsstaða séu þess eðlis að þau geri skilmerkilega framsetningu á jafn fjölbreytilegu safni erfiða, en þá átti að takmarka val verka við þann húsakost sem var fyrir hendi.

Þrátt fyrir þessa vankanta var það upplifun að sjá meistaraverk Jóns Engilberts, Blik af lífi, í öðru umhverfi en afgreiðslusalnum í Austurstræti. Þótt myndin þjóni vel sínum tilgangi í því umhverfi, þá geldur hún þess þar að að henni er þrengt. Ef við ímyndum okkur að forsvarsmenn Búnaðarbankans árið 1947 hefðu ekki sýnt þá framsýni að panta þessa mynd af Jóni Engilberts væri íslensk listasaga og íslensk menning trúlega fátækari en hún er í dag. Fátt sannar betur en þessi mynd, hvaða þýðingu atvinnufyrirtæki geta haft fyrir menningarlíf þjóðarinnar.

Það var einnig forvitnilegt að sjá stórvirki Svavars Guðnasonar, „Blikar við sólarlag“ við þessar aðstæður. En myndin nýtur sín þó ekki eins og hún gæti. Ekki bara vegna þeirrar upphengingar, sem áður var getið, heldur fyrst og fremst vegna rammans úr dökkum harðviði sem er eins og partur af innréttingatískunni í bönkunum á 6. og 7. áratugnum. Slíkar innréttingar eiga ekki heima utan um þetta verk, sem er eins og tilfinningasprengja og á að hafa hlutlausa umgjörð til þess að njóta sín.

Það var líka óvænt ánægja að sjá tvær myndir eftir Svavar frá 1947-48, sem hann kallaði „Fönsun“. Þær eru meðal merkustu verkanna á þessari sýningu og tilheyra mílustólpunum í íslenskri listasögu.

Það er auðvelt að telja upp fleiri perlur úr þessu safni: Kjarvalsmyndirnar þrjár, sjálfsmynd Jóns Stefánssonar, Karl Kvaran, Snorra Arinbjarnar o.fl, en um þær allar má segja: þær áttu betra skilið en að lenda í þessu kraðaki sem vísar til engrar áttar.

Málverkið sem leikmynd

Í Vestursal Kjarvalsstaða sýnir Sigurður Örlygsson flennistórar myndir sem eru í beinu framhaldi síðustu sýninga í FÍM-salnum og að Kjarvalsstöðum. Í verkum þessum er myndflöturinn gjarnan gerður að bakgrunni fyrir þrívíðar myndir sem Sigurður festir utan á málverkið. Myndefnið túlkar enn hið sama: grátbroslega viðleitni mannsins til þess að



MYNDLIST

ÓLAFUR GÍSLASON

hemja óreiðuna í veröldinni með skynsemi sinni og véltækni. Sigurði tekst hér betur en oft áður að samræma myndflötinn sem bakgrunn og hin þrívíðu element í myndunum, þannig að þegar best lætur þá finnst manni þessar hugmyndir vera heillandi efni í brúðuleikhús: hvers vegna tekur Sigurður ekki skrefið til fulls og skapar þrívítt rými með leiktjöldum og hreyfanlegum myndum sem gætu sagt okkur þessa sögu á áhrifameiri hátt? Persónurnar sem Sigurður hefur búið til í þessum myndum eiga eitthvað sameiginlegt með Buster Keaton í tragíkómískri viðleitni sinni og andrúmsloftið sem í þeim býr býður einfaldlega upp á að leikurinn fari á hreyfingu og leggi rýmið undir sig til fulls!


Frummynd og gríma

Kjartan Ólafsson sýnir litlar myndir málaðar með þekjulit í Gallerí Nýhöfn í Hafnarstræti um þessar mundir. Þessi sýning er allrar athygli verð og sýnir nýja hlið á þessum listamanni, sem hélt eftirminnilega sýningu á stórum málverkum að Kjarvalsstöðum fyrir rúmu ári. Skyldleiki þessara tveggja sýninga felst í myndefninu: steinrunnar grímur, manneskjur og dýr eru málaðar fastmótuðum drættum og verða eins konar frummyndir hliðstæðar þeim sem finna má í goðsögum og fela í sér einhvern þann sammannlega eiginleika sem veitir hinu einstaka formi almennt gildi. Munurinn er hins vegar sá að á meðan málverkin voru nánast mónúmental í stærð sinni og sannfæringarkrafti, þá eru þekjulitsmyndirnar eins og nákomnar vangaveltur með ljóðrænum undirtóni.

Kjartan hefur sjálfur sagt í viðtali hér í blaðinu, að myndheimur hans sé sprottinn af áhuga á fornri goðafræði og klassískri list. Myndir hans eru þó ekki goðafræði í þeim skilningi að persónur þær og dýr sem hann málar séu staðgenglar yfirnáttúrulegra afla er skapi mönnum örlög og ráði gangi náttúrunnar. En sá karakter sem hann leggur í andlit sín og verur hefur skírskotun til hins almenna og sammannlega frumkarakters á sama hátt og goðsagan og gerir tilkall til að hafa almennt gildi. En eins og gríman hefur tvírætt eðli sem fals og bústaður anda, þá má einnig lesa þetta tvíræða eðli grímunnar út úr goðsagnaverum Kjartans: sú viðleitni listarinnar að birta hið almenna í einstöku formi er óframkvæmanleg nema með hjálp blekkingarinnar. Á bak við grímuna býr nagandi óttinn við hinn sundurvirka heim samtímans sem ekki verður haminn í einni formrænni niðurstöðu.

Listin á það sameiginlegt með hugmyndafræðinni í samfélagi nútímans að nærast á blekkingu en vera engu að síður ómissandi. Sem leiðarljós.

FUNDIR MEÐ FJÁRMÁLARÁÐHERRA UM LANDIÐ



HAGSTJÓRN • ATVINNULÍF • LÍFSKJÖR • RÍKISFJÁRMÁL

ÁRANGURINN FRAMTÍÐIN

EFNAHAGSBATINN OG NÝ VIÐHORF Í ÍSLENSKUM ÞJÓÐMÁLUM

Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra heldur fund um árangurinn sem náðst hefur í efnahagsmálum og um ný viðhorf í íslenskum þjóðmálum. Fjallað verður um framtíðarhorfur í fjármálum, atvinnulífi og lífskjörum. **Fyrirspurnum svarað um nútíð og framtíð.**

SAUÐÁRKRÓKUR LAUGARDAGINN 28. APRÍL KL. 14:00 Í SAFNAÐARHEIMILINU

DALVÍK SUNNUDAGINN 29. APRÍL KL. 14:00 Í VÍKURRÖST

AKUREYRI SUNNUDAGINN 29. APRÍL kl. 20:30 Í ALÞÝÐUHÚSINU

ÓLAFSVÍK MÁNUDAGINN 30. APRÍL KL. 20:30 Í FÉLAGSHEIMILINU

Allir velkomnir

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA